

ára aldurs svo og fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1969, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Ef sóknaraðili vinnur eiðinn, skal varnaraðili greiða allan málskostnað.

Verði sóknaraðilja eiðfall, á varnaraðili að vera sýkn af kröfum hennar í málinu, en málskostnaður skal falla niður.

Dómsorð:

Vinni sóknaraðili, K, innan tveggja mánaða frá birtingu dóms þessa á löglegu varnarþingi sínu eið að því, að hún hafi á tímabilinu frá og með 9. júlí 1968 til 17. október 1968 einungis haft holdlegar samfarir við varnaraðilja, skal hann teljast faðir sveinbarns þess, er sóknaraðili ól þann 14. júní 1969 og skírt var B, og greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, fæðingarstyrk til sóknaraðilja og tryggingariðgjöld hennar fyrir árið 1969, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá greiði varnaraðili kr. 6.620.00 í málskostnað til ríkissjóðs. Verði sóknaraðilja eiðfall, skal varnaraðili vera sýkn af kröfum hennar og falli málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 17. apríl 1972.

Nr. 114/1970. **Baldur Helgason** (Gísli G. Ísleifsson hrl.)
gegn

Hannesi Þorsteinssyni (Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson,
Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og Þórður Björnsson
yfirsakadómari.

Lausafjárkaup. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. júní 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí 1970.

Hann krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 25.553.66 ásamt 7% ársvöxtum frá 20. júlí 1967 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að málsúrslit verði látin velta á aðildareiði hans og framangreindar kröfur hans verði teknar til greina, ef hann vinni eið að því, að honum hafi verið seldur krossviður sá, er í málinu greinir, sem „vatnslímdur“ krossviður.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjanda verði gert að greiða honum málskostnað í Hæstarétti.

Nokkur ný málsgögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Fallast má á þá úrlausn héraðsdóms, að áfrýjandi hafi ekki leitt sönnur að því, að honum hafi verið heitið því sérstaklega, að krossviður sá, er hann keypti af stefnda, væri límdur með rakapólnu lími og nothæfur í húspök. Þá verður ekki talið, að eins og hér stóð á, hafi áfrýjandi mátt treysta því vegna framkomu Árna Örnólfssonar afgreiðslumanns eða af öðrum ástæðum, að krossviðurinn hefði þessa eiginleika, enda veitti vitneskja áfrýjanda um herra verð á „vatnslímdum“ krossviði hjá öðrum tímursölum en var á krossviði stefnda honum sérstakt tilefni til að leita skýrra svara hjá nefndum Árna um nothæfni krossviðarins til þakklæðningar. Og þar sem því er ekki haldið fram, að krossviðurinn hafi verið að öðru leyti gallaður, ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda, en eftir atvikum verður málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Dómsorð:

Stefndi, Hannes Þorsteinsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Baldurs Helgasonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. desember 1969.

Mál þetta var dómtekið 8. desember s.l. Það er höfðað með stefnu, birtri 11. janúar 1969.

Stefnandi málsins er Baldur Helgason, Vogatungu 22, Kópavogi.

Stefndi er Hannes Þorsteinsson stórkaupmaður, Shellvegi 8, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 25.553.66 með 7% árs-vöxtum frá 20. júlí 1967 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Við munnlegan flutning málsins þann 8. desember s.l. gerði stefnandi þá varakröfu, að honum yrði heimilaður aðildareiddur samkvæmt 160. gr. laga nr. 85/1936 um, að hann hefði keypt krossvið þann, sem nánar verður lýst hér á eftir, sem vatns-límdan.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, án þess að sú viðleitni hafi borið árangur.

I.

Málavextir verða hér á eftir raktir samkvæmt aðilja- og vitna-skýrslum, sem teknar voru á bæjarþingi Reykjavíkur þann 22. september, 14. október, 10. nóvember og 8. desember 1969, og öðrum framlögðum gögnum málsins.

Baldur Helgason er rafmagnstæknifræðingur að mennt.

Hann hefur skýrt svo frá, að á þeim tíma, sem neðanritaðir atburðir gerðust, hafi hann verið að byggja húsið við Vogatungu 22 í Kópavogi. Hann kveðst hafa fengið leiðbeiningar hjá arkitekt hússins um það, hvaða við væri unnt að nota í þak hússins. Kveður stefnandi, að arkitektinn hafi m. a. bent sér á vatns-límdan krossvið, sem að lokum hafi orðið fyrir valinu. Kveðst stefnandi hafa vitað um nokkra staði, þar sem slíkur vatnslímdur krossviður væri á boðstólum, og hafi niðurstaðan orðið sú, að hann hafi keypt við þennan í september og október 1966 í heild-verzlun Hannesar Þorsteinssonar, sem hann segir einkafyrirtæki stefnda og verzli með byggingarvörur.

Stefnandi kveðst hafa átt tal við sölumann í heildverzlun Hannesar Þorsteinssonar og innt hann eftir krossvið, sem væri vatns-límdur og nota mætti í þak. Kveðst hann hafa tekið það sér-staklega fram við sölumanninn, að krossviður þessi yrði að vera vatnslímdur og að hann ætti að nota í þak. Sölumaðurinn hafi kynnt sér krossviðinn, og kveðst stefnandi hafa spurt sölumanninn að því, hvort virkilega væri í lagi að nota krossvið þennan í þak á hús, og kveðst stefnandi hafa fengið þau svör, að það væri í lagi og að heildverzlunin hefði selt þennan krossvið í mörg hús.

Nokkru síðar kveðst stefnandi hafa komið til þess að kaupa

viðinn. Átti hann þá tal við verkstjórnann á lager í heildsölufyrirtæki stefnda, Árna Örnólfsson að nafni, og segir stefnandi, að nefndur Árni hafi við það tækifæri sagt honum þá sögu um krossvið þennan, að hann hafi verið notaður í steypumót með góðum árangri.

Vitnið Árni Örnólfsson hefur hins vegar skýrt svo frá fyrir dómi, að hann sé persónulega kunnugur stefnanda og hafi því átt viðræður við stefnanda í þessu sambandi. Kvaðst vitnið muna eftir því, að stefnandi hafi tjáð sér, að hann hafi ætlað að nota umræddan krossvið í þak. Kvaðst vitnið ekki hafa gert neinar athugasemdir við þetta og frekari viðræður milli þeirra hafi eigi farið fram um þetta atriði. Tók og vitnið fram, að það hefði ekkert vit á krossvið, enda kvaðst vitnið vera rafvirki að mennt. Ekki mundi vitnið eftir því að hafa minnst á það við stefnanda, að nota mætti umræddan krossvið í steypumót með góðum árangri. Vitni þetta kvaðst þó hafa starfað hjá stefnda í 6 ár.

Stefnandi kvaðst eigi hafa veitt því athygli, hvort krossviður sá, sem hann keypti, hefði verið merktur sérstaklega.

Eftir að kaupin voru gerð, var krossviðurinn fljótlega settur á þakið og lakkborinn. Heldur stefnandi því fram, að skömmu síðar hafi krossviðurinn flagnað á tveim eða þrem stöðum. Kveðst stefnandi þá hafa átt símtal við stefnda síðari hluta októbermánaðar 1966 og kvartað út af krossviðnum. Segir stefnandi, að stefndi hafi tjáð sér, að umræddur krossviður hefði að vísu verið pantaður sem vatnslímdur, en stefndi hafi bannað sölumönnum sínum að selja krossvið þennan sem vatnslímdan. Samtal þeirra hafi ekki verið lengra, þar sem stefndi hafi verið stuttur í spuna og tjáð sér, að þetta væri útrætt mál af sinni hálfu.

Stefndi hefur þó hér fyrir dómi kveðið sig alls ekki muna eftir því að hafa átt símtal þetta við stefnanda.

Stefnandi lýsir því, að hann hafi látið gera við þá smágalla á krossviðnum, sem að ofan getur, en síðan hafi krossviðurinn verið pappalagður.

Í janúar og febrúar 1967 kveðst stefnandi hafa orðið var við, að um meiri háttar galla hafi verið að ræða í krossviðnum á þakinu, og kveðst stefnandi hafa fengið byggingarfulltrúann í Kópavogi til þess að skoða þak hússins.

Vottorð byggingarfulltrúans er dags. 3. maí 1967 og hljóðar svo:

„Að beiðni húseiganda að húsinu Vogatungu nr. 22 hef ég skoðað þak hússins.

Þakið er klætt ofan á sperrur með ca. 12 mm krossviði, ofan á krossviðinn er lagður þakpappi (icopalpappi).

Stór hluti krossviðarins er bilaður á límingu þannig, að skipta verður um hann á að minnsta kosti helmingi þaksins, ef til vill stærri hluta, sem kemur í ljós, er þakpappi hefur verið fjarlægður“.

Vottorði þessu hefur eigi verið mótmælt.

Af gögnum málsins verður ráðið, að stefnandi hefur látið skrifa stefnda bréf, dags. 9. maí 1967 og 31. júlí 1967, þar sem krafist er, að gallarnir verði bættir.

Stefndi svaraði þessum skrifum með bréfum, dags. 18. maí 1967 og 3. ágúst s. á., þar sem bótakröfum stefnanda er hafnað.

Stefnandi hefur lagt fram reikninga í málinu um kaupin á krossviðnum hjá stefnda og um kostnað þann, sem hann telur sig hafa orðið fyrir til þess að bæta úr göllunum. Reikningar þessir gefa þó eigi tilefni til þess, að efni þeirra sé rakið nánar.

Stefndi hefur í skýrslu sinni hér fyrir dómi lagt á það áherzlu, að hann hafi ekki selt stefnanda umræddan krossvið sem vatnslímdu vöru. Hinn umræddi krossviður hafi verið tékkneskur, ekki vatnslímdur, og þar af leiðandi ekki ætlaður til nota í þök. Tók stefndi fram, að aldrei hafi komið til álita að selja slíkan krossvið til nota í þök. Stefndi lýsti því, að vatnslímdur krossviður væri ávallt merktur með áletrunum WBP, og kvað hann, að tækni-fróðum mönnum ætti að vera kunnugt um þetta. Loks benti stefndi á, að krossviður sá, sem stefnandi hafi keypt, hafi aðeins kostað brot á við það, sem vatnslímdur krossviður hefði kostað.

Vitnið Guðmundur S. Guðmundsson, sem er tækni-fræðingur, starfaði við fyrirtæki stefnda frá 1. ágúst 1966 til 31. maí 1967 sem sölumaður á skrifstofu. Hann skýrði frá því, að fyrirtæki stefnda hafi ekki haft á boðstólum vatnslímdan furukrossvið á þessu tímabili.

Hann kvaðst alls ekki muna eftir kaupum stefnanda á krossvið hjá fyrirtæki stefnda og kvaðst ekki hafa átt tal við stefnanda út af krossvið í hús stefnanda.

Vitnið Sæmundur Steinar Bjarnason starfaði í fyrirtæki stefnda á tímabilinu júní 1964 til desember 1968 sem gjaldkeri og að nokkru sem sölumaður. Hann kvaðst hvorki kannast við stefnanda né á nokkurn hátt muna eftir viðskiptum stefnanda við hið stefnda fyrirtæki.

Vitnið kvaðst muna eftir því, að kvartanir hafi borizt til stefnda út af tékkneskum vatnslímdum krossvið, sem notaður hafi verið í þök, en vitnið kvaðst þó aðeins hafa heyrt umtal út af þessu. Gerði vitnið ráð fyrir, að um 3—4 tilfelli hafi verið að ræða.

II.

Málsástæður stefnanda eru þær, að hið stefnda fyrirtæki hafi selt honum krossvið umrætt sinn, sem hefði þann eiginleika að vera vatnslímdur, þannig að líming hans þyldi raka. Af hálfu stefnanda er og fullyrt, að stefndi hafi vitað, til hverra nota stefnandi hugðist nota krossviðinn.

Með framburði stefnanda sjálfs, Sæmundar Steinars Bjarnasonar og Árna Örnólfssonar kveður stefnandi þetta nægjanlega sannað. Stefnandi telur, að í ljós hafi komið, að krossviðurinn hafi ekki verið hæfur til þeirrar notkunar, sem hann hafi verið seldur til, og telur hann því stefnda af þessum sökum bótaábyrgan. Stefnandi hefur einnig vikið að því, að hann hafi kvartað nógu snemma bæði í framangreindu símtali við stefnda og bréfum þeim, sem hann kveðst hafa sent honum 9. maí og 31. júlí 1967, eins og að framan er rakið.

Varakrafa stefnanda er á því reist, að stefnandi hafi alla vega veitt nokkrar líkur fyrir þeirri fullyrðingu sinni, að krossviðurinn hafi verið seldur sem vatnslímdur. Er og því haldið fram, að varakrafa þessi sé ekki of seint fram komin, þar sem gagnasöfnun í málinu hafi ekki lokið fyrr en við dómtöku málsins 8. desember 1969.

Varnir stefnda eru á því reistar, að stefnanda hafi aldrei verið seldur umræddur krossviður sem vatnslímdur. Á það er bent, að hvorki beri sölunótan þetta með sér né hafi stefndi vitað, til hverra nota stefnandi hugðist nota umræddan krossvið.

Þá er því haldið fram, að allur krossviður, sem sé vatnslímdur, sé stimplaður með stöfunum WBP. Krossviður sá, sem stefnandi hafi keypt, hafi hins vegar ekki borið þá áletrun og hafi því stefnanda, sem sé tæknimenntaður, átt að vera ljóst, að hér væri um venjulegan krossvið að ræða.

Varakröfu stefnanda hefur stefndi mótmælt sem of seint fram kominni, en að öðru leyti bent á það, að krafan sé þýðingarlaus, þar sem stefnanda hafi ekki tekizt að veita neinar líkur fyrir fullyrðingum sínum.

III.

Málsútlistanir og málsástæður aðilja eru við það miðaðar, að hinn umræddi krossviður hafi ekki verið vatnslímdur. Hefur stefnandi ekki haldið því fram, að krossviðurinn hafi verið gallaður sem slíkur að öðru leyti, enda hefur gagnasöfnun í málinu á engan hátt beint að slíkum atriðum.

Dóm í málinu verður því alfarið að reisa á þeim málsástæðum, sem aðiljar hafa borið fyrir sig til sóknar og varnar í máli þessu.

Með framangreindum gögnum málsins hefur stefnandi ekki fært sönnur á, að hann hafi keypt krossvið þann, sem mál þetta snýst um, sem vatnslímdan eða að aðrir þeir eiginleikar hans hafi verið áskildir, sem hefðu gert krossviðinn hæfan til þeirra nota, sem stefnandi hugðist nota hann til.

Þá hefur og ekki verið sannað, að fyrirsvarsmenn fyrirtækis stefnda hafi vitað, þá er kaupin fóru fram, í hvaða skyni stefnandi keypti umræddan krossvið.

Bótaábyrgð á hendur stefnda verður því heldur ekki reist á þeirri ástæðu, að skort hafi á um leiðbeiningar um gæði krossviðarins. Að vísu er fram komið í málinu, að verkstjóri á lager í heildverzlun stefnda, Árni Örnólfsson, hafi í samtali við stefnanda, þegar sá síðarnefndi sótti krossviðinn í heildverzlunina, fengið vitneskju um framangreindan tilgang stefnanda. Eins og samtalinu var háttað og með hliðsjón af starfsstöðu nefnds Árna, verður þó eigi talið, að starfsmaður þessi hafi sviksamlega leynt staðreyndum.

Loks verður ekki talið, að fyrirtæki stefnda hafi borið skylda til að inna stefnanda eftir því, til hverra nota hann ætlaði krossviðinn, og leiðbeina honum í samræmi við það.

Með hliðsjón af málavöxtum og dómvenjum þykja heldur eigi efni til þess að verða við varakröfu stefnanda.

Samkvæmt framanrituðu eru því dómkröfur stefnanda ekki á rökum reistar, og ber því að sýkna stefnda að fullu.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 3.500.00.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmanninum Jóhanni J. Ólafssyni kaupmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Hannes Þorsteinsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Baldurs Helgasonar, í máli þessu.

Stefnandi, Baldur Helgason, greiði stefnda, Hannesi Þorsteinssyni, kr. 3.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Hannesar Davíðssonar arkitekts.

Ég er sammála forsendum og niðurstóðu dómsins, þó svo, að ekki verður fallizt á þá fullyrðingu stefnda, að allur vatnslímdur furukrossviður sé merktur með áletrunum WBP.

Mánudaginn 17. apríl 1972.

Nr. 177/1971. **Hallgrímur Bogason**

(Jón Skaftason hrl.)

gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Bifreiðar. Skaðabótamál. Vinnuslys. Umferðarlög. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. nóvember 1971, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 515.909.00 með 7% ársvöxtum frá 8. nóvember 1962 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hann hafði gjafsókn í héraði og fékk gjafsókn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytisins 4. marz 1971.